

Matsáætlun 2022-2023

Viðfangsefni	Markmið	Viðmið	Gagnaöflun	Tímarammi	Ábyrgðaraðilar
Vinnuáætlanir	Vinnuáætlun er gerð fyrir hvern nemanda þar sem fram koma markmið í námi og hegðun.	Vinnuáætlun hefur verið unnin fyrir alla nemendur. Markmið í vinnuáætlun eru skýr og mælanleg.	Vinnuáætlanir skoðaðar.	Lokið fyrir febrúar 2023	Skólastjórnendur, deildarstjórar og verkefnastjóri faglegs starfs
Lýðræðisleg vinnubrögð, þátttaka og ábyrgð nemenda	Nemendur þekkja og geta haft áhrif á markmið sín í námi og hegðun.	Nemendur taka virkan þátt í ákvarðanatöku um eigið nám. Markmið í námi og hegðun eru sýnileg nemendum og þau rædd reglulega við nemendur.	Kennarar rýna starf sitt. Brúin skoðuð með nemendum á 4-6 vikna fresti.	Janúar og maí 2023 Brúin skoðuð á 4-6 vikna fresti með nemendum	Deildarstjórar og verkefnastjóri faglegs starfs
Samstarf stoðþjónustu og starfsfólks innan Brúarskóla	Gott og traust samstarf er milli starfsfólks og stoðþjónustu.	Starfsfólk upplifir að það geti leitað til stoðþjónustu og fengið nauðsynlegan stuðning í starfi sínu. Að traust ríki á milli starfsfólks og stoðþjónustu.	Könnun lögð fyrir starfsfólk	Gagnaöflun lokið í maí 2023	Stoðþjónusta
Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað	Starfsfólk á góð og heiðarleg samskipti sín á milli í samræmi við samskiptasáttmála skólans.	Að starfsfólk upplifi að það eigi góð samskipti á vinnustað. Að starfsfólk líði vel í vinnu.	Könnun lögð fyrir starfsfólk og viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar	Könnun lögð fyrir í janúar 2023 og viðhorfskönnun á vorönn 2023	Stjórnendur
Stjórnun skólans	Að skýr verkaskipting sé milli stjórnenda og milli stjórnenda og kennara	Stjórnendur upplifa að verkaskipting sé skýr og þeir vita hvert þeirra hlutverk er	Farið yfir starfslýsingar. Samtal stjórnenda.	Lokið fyrir janúar 2023	Stjórnendur
Skólaþróun og starfsþróun	Fagmenntað starfsfólk vinnur að starfendarrannsóknnum sem efla og auðga skólastarfið.	Starfsfólk metur starfendarannsóknir sem mikilvægan þátt í starfs- og skólaþróun. Rannsóknirnar efla og bæta skólastarfið.	Könnun lögð fyrir starfsfólk	Könnun lögð fyrir í maí 2023	Stjórnendur

Samstarf við Húsaskóla og BUGL	Samstarf við Húsaskóla og BUGL sé gott, traust og reglulegt.	Að deildarstjórar þátttökubekkar og Dalbrautar séu í reglulegu og traustu sambandi við fulltrúa viðkomandi skóla/stofnunar og upplýsingaflæði sé virkt.	Samantekt gerð á samstarfi vetrarins	Lokið í maí 2023	Deildastjórar í þátttökubekk og á Dalbraut
Samstarf heimila og skóla	Gott samstarf er milli heimila og skóla. Foreldrar eru ánægðir með skólann.	90% foreldra eru ánægðir með skólann	Viðhorfskönnun send foreldrum	Könnun send foreldrum á vorönn 2023	Skólastjórnendur
Velferð og líðan nemenda	Nemendur upplifa sig örugga í skólanum, þeim líður vel og upplifa að þeir geti náð árangri í skólanum.	Að öllum nemendum líði vel í skólanum.	Könnun um líðan lögð fyrir nemendur	Könnun lögð fyrir í október 2022 og maí 2023	Stjórnendur og umsjónarkennarar
Framkvæmd innra mats	Unnið er samkvæmt áætlun um innra mat.	Tímaáætlun um innra mat er fylgt.	Farið yfir áætlun og framkvæmdir.	Desember 2022 og júní 2023	Matsteymi
Umbótastarf í kjölfar innra mats	Unnið er samkvæmt umbótaáætlun.	Tímaáætlun um innra mat er fylgt.	Farið yfir áætlun og framkvæmdir. Skýrsla skrifuð í maí 2023	Desember 2022 og júní 2023	Matsteymi